



## Álagningarreglur fasteignagjalda hjá Vopnafjarðarhreppi fyrir árið 2019

### Álagning fasteignagjalda 2019 verður ákveðin með eftirfarandi hætti.

- I. Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkti að fasteignagjöld fyrir árið 2019 verði lögð á sem hér segir:

#### Fasteignaskattur á :

- 1) Íbúðarhúsnæði og bújarðir. **0,55 %** af heildarfasteignamati
- 2) Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði. **1,65 %** af heildarfasteignamati
- 3) Sjúkrastofnanir, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn **1,32 %** af heildarfasteignamati

#### Vatnsgjald og holræsagjald:

1. Vatnsgjald nemi **0,3 %** af fasteignamati húss.
  - Aukavatnsgjald skv. mæli skv. Gjaldskrá grunnur kr. 35 fyrir hvern rúmmetra vatns miðað við grunnvísitölu byggingarkostnaðar 115,5 stig í okt. 2012. Uppfært gjald fyrir árið 2019 pr/m<sup>3</sup> miðað við grunnvísitölu byggingarkostnaðar í október 2018 **kr. 42** fyrir hvern rúmmetra vatns.
2. Holræsagjald nemi **0,32 %** af heildarfasteignamati.

#### Lóðarleiga

Lóðarleiga verði **2,0 %** af fasteignamati allra lóða á Vopnafirði.

**Gjalddagar fasteignagjalda 2019 verða 8 og verða þeir 15. febrúar 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15. ágúst og 15. september. Eindagi verði 30 dögum síðar.**

**Athugið! Ef fjárhæðir til innheimtu eru lágar er þeim ekki dreift á átta gjaldaga, heldur færri.**

#### Fasteignaskattur elli- og örorkulífeyrisþega

Sveitarstjórn heimilar með stoð í 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga að fella niður fasteignaskatt elli- og örorkulífeyrisþega af eigin íbúð á eftirfarandi hátt. Niðurfelling fasteignaskatts skal vera tekjutengd. Tekjuviðmiðun eru árstekjur 2018 skv. skattframtali 2019:

- a) Einstaklingar
- |  |                   |
|--|-------------------|
| Brúttótekjur 2018 allt að <b>kr. 2.864.698,-</b> | 100% niðurfelling |
| Brúttótekjur 2018 allt að <b>kr. 3.988.816,-</b> | 50 % niðurfelling |

- b) Hjón:
- |  |                    |
|--|--------------------|
| Brúttótekjur 2018 allt að <b>kr. 4.245.553,-</b> | 100 % niðurfelling |
| Brúttótekjur 2018 allt að <b>kr. 4.729.999,-</b> | 50 % niðurfelling  |

Við fráfall maka eða sambýlings skal fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem fjölskylda hins látna (hinnar látnu) á og býr í felldur niður að fullu fyrsta árið en að hálfu annað árið eftir fráfall. Búi fullvinnandi einstaklingur (eða hjón) inni á heimili ellilífeyrisþega, fellur fasteignaskattur ekki niður.

Hafi veruleg tekjulækkun orðið hjá ellilífeyrisþega milli árána 2018 og 2019 hefur sveitarstjórn heimild til að taka tillit til þess við niðurfellingu fasteignaskatts, berist umsókn um slíkt. Sömu reglur skulu gilda um niðurfellingu fasteignaskatts hjá öryrkjum með fulla örorku.

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkir á grundvelli laga nr. 81./ 1988 IV. kafla 22. gr., að leggja á sérstakt sorphirðu og sorpeyðingargjald á hverja íbúð á Vopnafirði á árinu 2019. Hvort gjald um sig skal vera **kr. 13.396,-** á íbúð eða samtals **kr. 26.792,-** Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

Á hvert frístundahús (sumarbústað), greiðist þjónustugjald sem nemur 30% af fullu gjaldi (kr. 26.792.-), enda geta notendur þeirra losað sig við sorp á gámasvæðum á vegum sveitarfélagsins. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

Um gjöld að öðru leyti fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs á Vopnafirði fer samkvæmt samþykktum og gjaldskrá sem Vopnafjarðarhreppur hefur sett sér og tóku gildi á árinu 2011. Gögn þessi má finna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Samþykkt í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps 13. desember 2018

---

Þór Steinarsson, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps